

Vísitala neysliverðs apríl 2008–2009

Consumer price index April 2008–2009

Vísitala neysliverðs hækkaði um 11,9% frá apríl 2008 til jafnlengdar í ár. Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs án húsnæðis um 15,6%. Hratt hefur dregið úr verðbólgu síðustu mánuði eftir miklar verðbreytingar sem náðu hámarki í janúar 2009.

Í heftinu er fjallað um vísitölu neysliverðs, birtar töflur um þróun hennar síðustu tólf mánuði og sérstaklega vikið að árlegri endurnýjun á grunni vísitölnnar í mars 2009. Einnig er fjallað um útreikning á kostnaði vegna eigin húsnæðis og áhrif þess að makaskipti hafa aukist mjög í húsnæðisviðskiptum. Þá er vikið að vandamálum sem komið hafa upp við vísitöluútreikningana vegna breyttra efna-
hagsaðstæðna á Íslandi.

Ástæður verðbólgunnar

Húsnæði, gengi og þjónustuverð

Vísitala neysliverðs hækkaði um 11,9% frá apríl 2008 til jafnlengdar í ár. Verð erlends gjaldeyris hækkaði um 44% á sama tíma. Ísland er mjög háð innflutningi á neysluvörum og er hlutur innfluttrar vöru í grunni vísitölu neysliverðs ríflega þriðjungur. Verð á innfluttum vörum hækkaði um 20,3% (vísitöluáhrif 7,14%) frá apríl 2008 til apríl 2009. Þar af hækkaði verð á innfluttum matvörum um 34,7% (0,99%), áfengi og tóbaki um 24,7% (0,73%) og verð nýrra bíla og varahluta hækkaði um 12,2% (0,59%). Verð á bensíni og díselolíu hækkaði á sama tíma aðeins um 1,2% (0,06%) en lækkun á heimsmarkaðsverði vó þar á móti gengis-
áhrifum. Næstu tólf mánuðina á undan hækkaði það um 33,6%.

Kostnaður vegna húsnæðis hækkaði um 0,7% (vísitöluáhrif 0,17%) frá apríl 2008 til apríl 2009 en til húsnæðis teljast greidd og reiknuð leiga ásamt viðhaldi á húsnæði. Kostnaður vegna eigin húsnæðis (reiknuð leiga) lækkaði um 11,1%, greidd leiga hækkaði um 24,4% og viðhald húsnæðis hækkaði um 33,9% á sama tímabili. Tólf mánuðina þar á undan hækkaði kostnaður vegna eigin húsnæðis um 17,1% en greidd leiga um 11%.

Verð á þjónustu hefur hækkað um 9,2% (2,61%) frá apríl 2008–2009. Þar af hefur verð á opinberri þjónustu hækkað um 4,2% (0,32%) en verð á annarri þjónustu um 11,1% (2,29%).

Hækkun á matvælaverði

Verð á mat og drykkjarvöru hækkaði um 18,8% (2,33%) frá apríl 2008 til jafnlengdar 2009. Verðið hækkaði um rúm 20% frá apríl 2008 til janúar 2009 en hefur frá febrúar til apríl 2009 lækkað um 1,4%.


Verð á húsnæði var á árunum 2004 til 2008 einn helsti þáttur í breytingum verðlags en frá júní 2002 fram á mitt árið 2008 mældist tólf mánaða breyting vísitölnnar í



heild meiri en breyting vísitölunnar án húsnæðisins. Verð á húsnæði hefur lækkað á undanföllum mánuðum eins og sést á mynd 1 og breyting vísitölunnar í heild verið minni en í vísitölunni án húsnæðis.

Mynd 1. Ársbreyting vísitölu neysluverðs, apríl 2008–2009

Figure 1. Annual changes of the CPI, April 2008–2009



Grunnur vísitölunnar

Grunnur vísitölunnar er endurskoðaður árlega og eru niðurstöður úr rannsókn á útgjöldum heimilanna notaðar til þess. Rannsóknin hófst árið 2000 og hefur staðið óslitið síðan. Niðurstöður þriggja ára eru lagðar til grundvallar hverju sinni og við grunnskiptin í mars 2009 voru gögn vegna árána 2005–2007 notuð.

Gögn frá 1.603 heimilum

Í úrtaki útgjaldarannsóknarinnar árin 2005–2007 voru 3.522 heimili eða tæplega 1.200 heimili á ári. Svör fengust frá 1.603 heimilum en það er rúm 45% svörun. Það er áhyggjuefni að sífellt reynist erfiðara að fá heimili til að taka þátt í rannsókninni. Sérstakt átak er nú í gangi á Hagstofunni til að auka svörunina í útgjaldarannsókninni á ný. Það er nauðsynlegt til að tryggja öruggar niðurstöður, sérstaklega fyrir fátíð en stór útgjöld, t.d. vegna bílakaupa eða til kaupa á stórum heimilis- og frístundatekjum.

Úrvinnslan

Niðurstöður Rannsóknar á útgjöldum heimila yfir þriggja ára tímabil eru lagðar til grundvallar við grunnskipti hverju sinni. Þar sem rannsóknin er samfelld eru niðurstöður elsta ársins felldar út og nýju ári bætt við í staðinn. Úrvinnslan er með þeim hætti að niðurstöður fyrri árána tveggja eru framreiknaðar til verðlags þriðja ársins og reiknað vegið meðaltal fyrir hvern útgjaldaflokk. Þær niðurstöður voru birtar í Hagtíðindahefti um Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2005–2007 þann 10. desember síðastliðinn. Þegar vísitölugrunnurinn er endurnýjaður eru niðurstöður útgjaldarannsóknarinnar framreiknaðar til verðlags í marsmánuði þegar grunnskiptin fara fram. Endurnýjun grunnsins sem slík veldur ekki breytingum á vísitölunni.

Aðrar heimildir

Í ár lagði Hagstofan meiri áherslu en oftast áður á að nota ýmsar aðrar og nýrri heimildir við vinnslu grunnsins til að meta hugsanlegar breytingar á samsetningu neyslu í kjölfar efnahagshrunsins. Má þar nefna tölur Umferðarstofu um nýskráningar á bifreiðum og upplýsingar frá fyrirtækjum um flug- og pakkafærðir. Auk

Þess var gagna um veltu smásöluverslana aflað úr virðisaukaskattsskýrslum og beint frá fyrirtækjunum.

Hluttur húsnæðis og ferða og flutninga minnkar

Helstu breytingar á samsetningu útgjalda frá mars 2008 til mars 2009 eru þær að hluttur ferða og flutninga í grunni vísitölunnar minnkar úr 16,5% í 12,6% en það skýrist aðallega af samdrætti í bílasölu á árinu 2008. Vægi matar og drykkjar eykst úr 12,0% í 14,3% og hluttur tólmstunda og menningar minnkar úr 11,6% í 10,8%. Hlutdeild húsnæðis, hita og rafmagns minnkar úr 28,2% í 25,4%. Þar af hefur hluttur eigin húsnæðis minnkað úr 17,9% í mars 2008 í 14,2% í grunni fyrir mars 2009.

Breytt innkaupamynstur

Innkaupamynstur heimila var endurskoðað við grunnskiptin en hlutföll á milli verslanakeðja höfðu verið óbreytt frá árinu 2006. Nýju hlutföllin byggjast á gögnunum úr rannsókn á útgjöldum heimilanna fyrir árið 2007, en niðurstöðurnar voru bornar saman við veltutölur verslana fyrir árið 2008 til að bregðast við breytingum sem urðu þá. Um er að ræða breytingu á innkaupahegðun en ekki neytlusamsetningu, þ.e. sömu vörur og áður eru keyptar en í annars konar verslun, og hefur endurskoðun af þessu tagi því áhrif á vísitölmælinguna. Niðurstöðurnar sýna að neytendur hafa fært viðskipti sín meira til dagvöruverslana þar sem verð er lægra. Verðbreytingin varð til 0,12% lækkunar á neysliverðsvísitölunni í apríl síðastliðnum.

Áhrif grunnskipta

Grunnskiptum vísitölunnar má skipta í þrjá þætti. Það eru uppfærsla á útgjaldavoginni, breytingar á vægi dagvöruverslana og leiðrétting vegna breytts innkaupamynsturs. Hagstofan gerði athugun á áhrifum þessara mismunandi þátta á verðbreytinguna milli mars og apríl. Þegar útgjaldavogin hafði verið uppfærð mældist vísitalan 0,13% lægri en ef verðbreytingin hefði verið reiknuð miðað við grunninn í mars 2008. Eftir að vægi verslana hafði verið breytt mældist vísitalan á 0,08% lægri en á eldri grunni vegna þess að á milli mars og apríl varð meiri hækkun í þeim verslunum sem fengu aukið vægi við endurskoðun innbyrðis hlutfalla verslana. Þegar einnig hafði verið leiðrétt fyrir breytingum á innkaupamynstri (áhrif á vísitöluna -0,12%) mældist vísitalan 0,20% lægri á nýja grunninum en þeim gamla.

Eigið húsnæði í vísitölunni

Kostnaður vegna eigin húsnæðis lækkar

Kostnaður vegna eigin húsnæðis í vísitölu neysliverðs lækkaði um 11,1% frá apríl 2008 til apríl 2009. Eftir mikla hækkun síðustu ár heldur nú húsnæðisverð aftur af hækkun neysliverðsvísitölunnar í heild. Vægi liðarins minnkar eftir því sem verðið lækkar en í apríl síðastliðnum vó eigin húsnæði tæp 14% af neysliverðsvísitölunni.

Hagstofa Íslands mælir kostnað vegna eigin húsnæðis með notendakostnaðaradferð.¹ Þrír þættir liggja til grundvallar verðbreytingu á liðnum: Markaðsverð íbúðarhúsnæðis, vextir og endingartími húsnæðisins.

Markaðsverð húsnæðis lækkar


Markaðsverð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað mikið á síðustu árum og nam hækkunin 28,5% á árinu 2005 þegar hæst fór. Árið 2008 dró úr hækkunum og um mitt árið tók verðið að lækka. Í október 2008 mældist lækkun á tólf mánaða tímabili á vísitölunni fyrir landið allt. Ársbreytingin hefur verið neikvæð eftir það og í apríl 2009 var lækkunin 12,2% fyrir landið í heild. Breytingin frá apríl 2008 til apríl 2009 skiptist í 11,8% lækkun á húsnæði í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, 10,8% lækkun á sérþýli á höfuðborgarsvæðinu og 14,3% lækkun á húsnæði á landsbyggð-

¹ Aðferðinni voru gerð skil í Hagtíðindum 3. maí 2005 (21. tbl. 90. árg.), „Vísitala neysliverðs apríl 2004-2005“, en heftið er aðgengilegt á vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is/Utgafor/Utgafor-efni/Verdlag-og-neysla.

inni. Verðið er því um það bil eins og það var á fyrstu mánuðum ársins 2007. Þróun tólf mánaða breytingarinnar fyrir landið í heild er sýnd á mynd 2.

Mynd 2. Markaðsverð húsnaðis, ársbreyting janúar 2008–apríl 2009

Figure 2. Housing price index, annual changes, January 2008–April 2009



Áhrif vaxta til lækkunar

Vaxtaþáttur íbúðaverðsvísitölunnar miðar við tólf mánaða hlaupandi meðaltal raunvaxta helstu lánastofnana auk fastrar ávöxtunarkröfu á eigið fé sem lagt er fram við kaup á fasteign. Í desember 2008 lækkuðu þessir vextir í fyrsta skipti síðan í nóvember 2005. Eftir það hafa áhrif vaxta verið til lækkunar á eigin húsnaði í vísitölu neysluverðs. Þrátt fyrir það eru heildaráhrif vaxtabreytinga frá apríl 2008 til apríl 2009 til 0,34% hækkunar á vísitölunni í heild.


Kaupsamningum hefur fækkað

Verðmæling Hagstofunnar á markaðsvirði húsnaðis byggist á gögnum um þinglýsta kaupsamninga á íbúðarhúsnaði frá Fasteignaskrá Íslands. Kaupsamningum fækkaði mjög snögglega í byrjun árs 2008.

Árið 2007 höfðu hátt í 2800 samningar legið til grundvallar útreikningi á fasteignavísitölunni í hverjum mánuði (samanlagður fjöldi þriggja mánaða) en árið 2008 voru þeir nærri 1300 að meðaltali. Frá nóvember 2008 fækkaði kaupsamningum enn frekar. Á tímabilinu frá desember 2008 til apríl 2009 voru að meðaltali rétt rúmlega 600 samningar að baki útreikningi á fasteignaverðsvísitölunni. Þessa þróun má sjá á mynd 3. Samdrátturinn hefur orðið bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Mynd 3. Fjöldi samninga í húsnæðislíkani eftir mánuðum 2007–2009

Figure 3. Number of contracts used for owner occupied housing per month 2007–2009



Í húsnæðisverðslíkani Hagstofunnar eru kaupsamningar flokkaðir í þrjú flokka eftir staðsetningu eignarinnar, hvort um íbúð í fjölbýlishúsi eða sérbýli sé að ræða, svo og í nokkra stærðarflokka. Þessi ítarlega sundurliðun er nauðsynleg til þess að verðbreytingar séu reiknaðar fyrir sambærilegar eignir. Þegar samningum fækkar jafn mikið og raunin er nú eru stundum mjög fáir samningar notaðir við útreikning á meðalverði í ákveðnum stærðarflokkum. Getur það leitt til tilviljanakenndra verðbreytinga eftir því hvers konar eignir eru seldar í hverjum flokki en samsetning þeirra getur verið mjög mismunandi frá mánuði til mánaðar.

Hagstofan hefur sett sér reglur um lágmarksfjölda samninga að baki útreiknings vísitölunnar. Miðað er við að þeir séu ekki færri en fimm í hverjum flokki. Séu samningar færri er notast við eldri samninga í flokknum til viðbótar við þá sem fást úr gögnum mánaðarins. Ef enginn samningur er gerður í flokki er verðinu haldið óbreyttu frá fyrri mánuði. Þessi aðferð er sambærileg við útreikning á öðrum liðum neysliverðsvísitölunnar ef vörur eru ekki til. Hún samræmist einnig vel notendakostnaðarlíkaninu sem notað er.

Makaskiptasamningum fjölga

Um mitt ár 2008 færðist mjög í vöxt í fasteignaviðskiptum að hluti kaupverðs fasteignar er greiddur með annarri fasteign eða ýmis konar lausafé í stað peninga. Á fáum mánuðum hækkaði hlutfall makaskiptasamninga af þessu tagi úr 2–5% í 20–30% og hefur þáttur slíkra viðskipta haldið áfram að aukast.

Við útreikning á fasteignaverðsvísitölunni er miðað við staðgreiðsluverð eigna. Ef hluti verðsins er greiddur með öðru en peningum er sá hluti núvirtur með ákveðinni ávöxtunarkröfu. Þessi háttur hefur verið á allt frá því í nóvember 1992 þegar núverandi notendakostnaðarlíkan var tekið upp. Eftir að makaskiptasamningum fjölgaði hefur ávöxtunarkrafa núvirðingarinnar verið endurskoðuð mánaðarlega. Með þeirri tilhögun er raunávöxtun þessa hluta staðgreiðsluvirðisins haldið stöðugri og miðast við verðbólgu og hæstu raunvexti á löngum íbúðarlánnum. Í mars 2009 voru vextirnir tæplega 8% og voru þær fasteignir, sem notaðar voru sem greiðsla í húsnæðisviðskiptum, færðar niður um 23,1%.


Álitamál er um áhrif makaskiptasamninga á markaðsverð á húsnæðis. Ekki er víst hvernig meta skuli markaðsvirði fasteignarinnar inn í samninginn og eru staðlaðar aðferðir til að bregðast við slíku ekki til. Sú aðferð sem Hagstofa Íslands notar

lækkar skráð verðmæti eignanna en benda má á þá óvissu sem fyrir hendi er um hvenær sú eign sem tekin er sem greiðsla muni seljast og á hvaða verði. Hluttur viðskipta með makaskiptum er verulegur hluti af umsvifum á fasteignamarkaði. Hagstofan telur ekki ráðlegt að sleppa þessum samningum í útreikningum sínum vegna þessa auk þess sem umsvif á fasteignamarkaði eru þegar lítil og makaskiptin oft forsenda þess að viðskipti eigi sér stað.

Hefðu makaskiptasamningar verið undanskildir frá upphafi árs 2008 í vísitölu Hagstofunnar hefði fasteignaverðsvísitalan verið 2,9% hærrí í apríl en birta vísitalan þar sem þeir eru teknir með. Mynd 4 sýnir þróun fasteignaverðsvísitölunnar með og án makaskipta frá ársbyrjun 2008.

Mynd 4. Vísitala fasteignaverðs með og án makaskipta janúar 2008–apríl 2009

Figure 4. Effect of non-monetary payments on housing price index January 2008–April 2009



Mælingarvandi við efnahagshrun

Eftir að staða efnahagsmála gjörbreyttist við bankahrunið í haust hafa mörg álítamál við útreikning vísitölunnar komið upp. Má þar nefna áhrif hruns í bílasölu á vísitöluna, lokun verslana í úrtaki, áhrif ef vörur eru til í minna mæli en áður (holur geta myndast í verðsafn) og breytta neysluhegðun.

Hrun í bílasölu

Bílakaup vógu rúm 7% í vísitölu neysluverðs þegar bílasala hrundi og þau eru sá liður í grunni vísitölunnar sem snöggar breytingar í efnahagsmálum hafa mest áhrif á. Í október 2008 hækkaði listaverð á bílum um 4,1%. Vegna þess að nær alveg tók fyrir sölu á nýjum bílum var þessi breyting á listaverði metin óraunhæf og var hún því ekki tekin með þá (áhrif á vísitölu -0,3%). Hagstofan breytti aðferð við verðmælinguna eftir það og hefur frá nóvember 2008 eingöngu mælt breytingu á verði seldra bíla. Áhrifin af aðferðafræðibreytingunni frá október fram að grunnskiptunum í mars sjást í töflu 1. Þar kemur m.a. fram að ef aðferðin við verðmælingarnar hefði verið óbreytt hefði verðbreytingin mælst 1,1% hærrí en raunin varð. Ef vogin fyrir bílakaupin hefði verið tekin út úr grunni vísitölunnar hefði verðbólgan mælst 0,13% hærrí en ella þar sem vægi annarra liða hefði aukist.

Tafla 1. Bílaliður vísitölu neysluverðs október 2008–mars 2009*Table 1. Cars in the CPI October 2008–March 2009*

Hlutfall <i>Percent</i>	VNV	VNV án bíla	Mæld áhrif bíla	Áhrif listaverðs
	<i>CPI</i>	<i>CPI less cars</i>	<i>Measured effect of car index</i>	<i>Effect of list prices</i>
Alls á tímabilinu				
Total in the period	6,00	6,13	0,31	1,41
Október 2008	2,13	2,3	0	0,3
Nóvember 2008	1,73	1,78	0,08	0,06
Desember 2008	1,55	1,67	-0,01	0,48
Janúar 2009	0,55	0,46	0,12	0,4
Febrúar 2009	0,51	0,48	0,07	0,22
Mars 2009	-0,59	-0,68	0,05	-0,05

Vörur ekki til

Ef vara er ekki til og von er á henni aftur eða ef ekki er strax unnt að finna nýja í vöruúrtakið er verðið látið standa óbreytt frá fyrra mánuði. Er þar um að ræða aðferð sem viðtekin er alþjóðlega. Ekki hefur orðið marktæk aukning á ófáanlegum vörum enda er vöruskortur ekki raunverulegur og allt kapp lagt á að halda vöru-safni vísitölunnar lifandi.

Búðir detta út úr úrtaki

Ef verslun lokar eru notaðar verðbreytingar á vörum í þeim verslunum sem eftir eru í úrtakinu. Í október dattu 10% verslana í fötum og vefnaðarvöru (5 af 50) úr úrtakinu og síðan þá hefur nokkrum verslunum á markaði fyrir varanlegar vörur (raftæki, húsgögn o.þ.u.l.) verið lokað. Erfitt getur verið að bæta úrtakið við núverandi aðstæður, þegar óvíst er hvernig þeim sem enn eru í rekstri reiðir af og lítið er um að nýjar verslanir taki til starfa. Hagstofan leitast við að bæta úrtakið jafnóðum, bæði með því að bæta við verslunum og með því að fjölga vörum í þeim verslunum sem eftir eru.

Í desember var sumum búðum dagvörusamsteypu einnar breytt úr stórverslunarkerðu í lágverðskerðu. Ein búð í gömlu keðjunni var með í úrtaki vísitölunnar. Ákveðið að halda henni inni þótt fyrirkomulag breyttist og mæla verðbreytingar milli mánaða á þeim vörum sem til voru áfram. Áhrif á vísitöluna í heild námu um 0,1% til lækkunar.

Hefur breytt neysluhegðun áhrif á niðurstöður vísitölunnar?

Í kjölfar hrunsins í haust héldu ýmsir því fram að vísitala neysluverðs ofmældi verðbólguna þar sem ekki væri tekið tillit til þess að neysluhegðun heimilanna hefði breyst mikið og skyndilega. Vísitala neysluverðs mælir ekki breytingu á neysluhegðun, þ.e.a.s. breytingu á þeirri vörukörfu sem að baki henni liggur, heldur verðbreytingar á þeirri vöru og þjónustu sem í körfunni er. Samdráttur eða aukning í neyslu heimila hefur því ekki áhrif á niðurstöður vísitölumælinga. Það er vel þekkt að þegar kaupmáttur eykst hneigjast heimili til að kaupa dýrari vöru en áður og að mörg heimili mæta skerðingu kaupmáttar með því að velja ávallt það ódýrasta sem völ er á. Sem dæmi má nefna að ef heimili hættir að kaupa dýrar steikur og kaupir ódýra unna kjötvöru í staðinn þá mælist ekki verðlækkun í vísitölunni, enda er ekki um sambærilegar vörur að ræða. Sama gildir ef kaupmáttur launa vex, sem leiðir til þess að neytendur kaupa dýrari vöru (hafa t.d. oftar steik í matinn), þá er það ekki verðbreyting. Breytingar á neysluhegðun af þessu tagi hafa áhrif á útgjöld heimilanna (framfærslukostnað) en ekki á neysluverð.

English summary

The Icelandic consumer price index (CPI) rose by 11.9% from April 2008 to April 2009. At the same time the CPI excluding housing rose by 15.6%.

One of the main reasons for this high inflation attributed to a 44% higher price of foreign currencies in April 2009 than in April 2008. Iceland is highly dependent on imports of consumer goods; about 37% of the index's total weight consists of such goods. Prices of imported goods rose by 20.3% (effect on the index 7.14%) in the twelve month period. Thereof imported food prices increased by 34.7% (0.99%), prices of alcohol and tobacco by 24.7% (0.73%) and of new cars and spare parts by 12.2% (0.59%). In the same time period, prices of petrol and diesel oil rose by only 1.2% (0.06%), mainly due to a trade-off between lower prices in the world markets and the currency effects. The increase in fuel prices was 33.6% in the preceding twelve months (April 2007–2008).

Housing cost increased by 0.7% (0.17%) from April last year, which includes actual rent and maintenance cost in addition to imputed rent for owner occupiers. Actual rent increased by 24.4% and cost for maintenance rose by 33.9%. The cost of owner occupied housing decreased by 11.1% in the actual twelve months compared with 17.1% increase in the preceding twelve month period.

Prices for services rose by 9.2% (2.61%). Thereof prices of public services rose by 4.2% (0.32%) and of other services by 11.1% (2.29%).

Prices of food and non-alcoholic beverages increased by 18.8% (2.33%) April 2008–2009. The prices had risen by 20% from April 2008 until January 2009 but since February they have fallen by 1.4%.

The CPI was rebased in March 2009 using the outcome of the continuous household expenditure survey for the three preceding years, 2005–2007. In addition to that other sources have been used. They include data on car registration, data from airlines and travel agencies on volume changes in international flights and package trips and data on turnover in the retail markets available from public and private sources.

The main changes in the expenditure composition are in transport where the weight decreased from 16.5% to 12.6%, mainly owing to the drop in sales of new cars in 2008. The weight of food and beverages increased from 12.0% to 14.3% and the weight of recreation and culture decreased from 11.8% to 10.8%. The share of housing water and electricity decreased from 28.2% to 25.4%. Thereof the weight of the imputed rent for owner occupied housing decreased from 17.9% to 14.2%.

Tafla 2. Breytingar á vísitölu neysluverðs, apríl 2008–2009

Table 2. Consumer price index, changes April 2008–2009

Maí 1988 = 100 May 1988=100	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar					
	Breytingar í hverjum Vísitala Monthly index	Annualized rates				
		mánuði, % Monthly changes	Síðasta mánuð, % Latest month	Síðustu 3 mánuði, % Latest 3 months	Síðustu 6 mánuði, % Latest 6 months	Síðustu 12 mánuði, % Latest 12 months
2008						
Apríl <i>April</i>	300,3	3,4	49,5	28,0	16,6	11,8
Maí <i>May</i>	304,4	1,4	17,7	28,0	18,3	12,3
Júní <i>June</i>	307,1	0,9	11,2	25,1	18,8	12,7
Júlí <i>July</i>	310,0	0,9	11,9	13,6	20,6	13,6
Ágúst <i>August</i>	312,8	0,9	11,4	11,5	19,5	14,5
September <i>September</i>	315,5	0,9	10,9	11,4	18,0	14,0
Október <i>October</i>	322,3	2,2	29,2	16,8	15,2	15,9
Nóvember <i>November</i>	327,9	1,7	23,0	20,8	16,0	17,1
Desember <i>December</i>	332,9	1,5	19,9	24,0	17,5	18,1
Meðaltal <i>Average</i>	307,7	•	•	•	•	12,4
2009						
Janúar <i>January</i>	334,8	0,6	7,1	16,4	16,6	18,6
Febrúar <i>February</i>	336,5	0,5	6,3	10,9	15,7	17,6
Mars <i>Mars</i>	334,5	-0,6	-6,9	1,9	12,4	15,2
Apríl <i>April</i>	336,0	0,4	5,5	1,4	8,7	11,9

Tafla 3. Breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis, apríl 2008–2009

Table 3. Consumer price index less housing cost, changes April 2008–2009

Maí 1988 = 100 May 1988=100	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar					
	Breytingar í hverjum Vísitala Monthly index	Annualized rates				
		mánuði, % Monthly changes	Síðasta mánuð, % Latest month	Síðustu 3 mánuði, % Latest 3 months	Síðustu 6 mánuði, % Latest 6 months	Síðustu 12 mánuði, % Latest 12 months
2008						
Apríl <i>April</i>	269,6	4,2	64,1	33,1	17,5	10,6
Maí <i>May</i>	273,6	1,5	19,3	32,7	20,1	11,4
Júní <i>June</i>	275,9	0,8	10,6	29,4	20,4	12,1
Júlí <i>July</i>	278,3	0,9	11,0	13,5	22,9	13,2
Ágúst <i>August</i>	280,8	0,9	11,3	10,9	21,4	14,6
September <i>September</i>	284,3	1,2	16,0	12,7	20,8	14,7
Október <i>October</i>	292,9	3,0	43,0	22,7	18,0	17,8
Nóvember <i>November</i>	298,3	1,8	24,5	27,4	18,9	19,5
Desember <i>December</i>	303,4	1,7	22,6	29,7	20,9	20,7
Meðaltal <i>Average</i>	276,8	•	•	•	•	12,2
2009						
Janúar <i>January</i>	304,7	0,4	5,3	17,1	19,9	21,4
Febrúar <i>February</i>	308,5	1,2	16,0	14,4	20,7	21,0
Mars <i>Mars</i>	309,0	0,2	2,0	7,6	18,1	19,4
Apríl <i>April</i>	311,6	0,8	10,6	9,4	13,2	15,6

Tafla 4. Vísitala neysluverðs, hlutfallsleg skipting og breytingar frá mars 2008–2009
 Table 4. Consumer price index, percentage breakdown and annual rate of change, March 2008–2009

		Vísitala neysluverðs Consumer price index			
		Hlutfallsleg skipting Percentage breakdown		Áhrif á visitölu, % Effect on the CPI %	
		Mars 2008 March 2008	Mars 2009 March 2009	Breyting, % Change, %	
Vísitala neysluverðs Consumer price index		100,0	100,0	15,2	15,17
01	Matur og drykkjarvörur Food and non-alcoholic beverages	12,0	13,3	27,3	3,28
011	Matur Food	10,9	12,1	27,2	2,97
0111	Brauð og kornvörur Bread and cereals	1,9	2,2	32,4	0,62
0112	Kjöt Meat	2,6	2,5	11,5	0,30
0113	Fiskur Fish	0,7	0,6	8,5	0,06
0114	Mjólk, ostar og egg Milk, cheese and eggs	2,0	2,3	31,5	0,63
0115	Oliur og feitmeti Oils and fats	0,2	0,2	42,8	0,08
0116	Ávextir Fruit	0,7	1,0	55,1	0,40
0117	Grænmeti, kartöflur o.fl. Vegetables including potatoes	1,0	1,1	31,7	0,31
0118	Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl. Sugar, jam, chocolate, etc.	1,2	1,3	25,6	0,31
0119	Aðrar matvörur Food products n.e.c.	0,7	0,9	39,4	0,28
012	Drykkjarvörur Non-alcoholic beverages	1,1	1,2	28,3	0,31
0121	Kaffi, te og kakó Coffee, tea and cocoa	0,3	0,3	43,6	0,12
0122	Gosdrykkir, safar og vatn Mineral waters, soft drinks and juices	0,8	0,9	23,4	0,19
02	Áfengi og tóbak Alcoholic beverages and tobacco	2,7	3,0	25,8	0,71
021	Áfengi Alcoholic beverages	1,7	1,9	30,0	0,50
022	Tóbak Tobacco	1,1	1,1	19,3	0,21
03	Föt og skór Clothing and footwear	4,5	5,0	26,3	1,19
031	Föt Clothing	3,9	4,3	27,1	1,06
032	Skór Footwear	0,6	0,7	21,6	0,13
04	Húsnæði, hiti og rafmagn Housing, water, electricity, gas and other fuels	28,2	25,4	3,7	1,04
041	Greidd húsaleiga Actual rentals for housing	2,3	2,4	23,7	0,54
042	Reiknuð húsaleiga Imputed rentals for housing	17,9	14,2	-9,1	-1,63
043	Viðhald og viðgerðir á húsnæði Regular maintenance	4,6	5,6	39,4	1,82
044	Annað vegna húsnæðis Other serv. relating to the dwelling	1,1	1,1	6,4	0,07
045	Rafmagn og hiti Electricity, gas and other fuels	2,2	2,2	10,6	0,24
0451	Rafmagn Electricity	1,4	1,4	10,8	0,15
0455	Hiti Hot water	0,8	0,8	10,2	0,08
05	Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. Furnishing and household equipment	6,2	7,3	35,7	2,22
051	Húsgögn og heimilisbúnaður Furniture, furnishings, etc.	2,9	3,2	29,8	0,85
052	Vefnaðarvörur Household textiles	0,5	0,6	33,3	0,17
053	Raftæki Electrical appliances	1,2	1,5	51,5	0,60
054	Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld Glassware, tableware, etc.	0,6	0,7	24,2	0,15
055	Verkfæri og tæki fyrir hús og garð Tools and equipment	0,3	0,4	48,5	0,13
056	Ýmsar vörur og þjónusta Goods and services	0,8	1,0	39,6	0,31
06	Heilsa Health	3,2	3,2	15,1	0,49
061	Lyf og lækningavörur Medical products, etc.	1,6	1,7	20,8	0,33
062	Heilbrigðisþjónusta Out-patient services	1,6	1,5	9,6	0,15

Tafla 4. Vísitala neysluverðs, hlutfallsleg skipting og breytingar frá mars 2008–2009 (frh.)
 Table 4. Consumer price index, percentage breakdown and annual rate of change, March 2008–2009 (cont.)

		Vísitala neysluverðs Consumer price index			
		Hlutfallsleg skipting Percentage breakdown		Áhrif á visitölu, % Effect on the CPI %	
		Mars 2008 March 2008	Mars 2009 March 2009	Breyting, % Change, %	
07	Ferðir og flutningar <i>Transport</i>	16,5	16,2	13,2	2,17
071	Kaup ökutækja <i>Purchase of vehicles</i>	7,4	7,6	18,4	1,36
0711	Bílar <i>Motor car</i>	7,0	7,2	19,0	1,33
072	Rekstur ökutækja <i>Operation of personal transport equipment</i>	7,4	6,9	6,8	0,50
0721	Varahlutir <i>Spare parts and accessories</i>	1,0	1,2	38,6	0,39
0722	Bensín og oliur <i>Fuels and lubricants</i>	4,6	3,9	-1,6	-0,07
0723	Viðhald og viðgerðir <i>Maintenance and repairs</i>	1,2	1,1	9,6	0,11
0724	Annað vegna ökutækja <i>Other services</i>	0,6	0,6	12,3	0,08
073	Flutningar <i>Transport services</i>	1,7	1,8	18,3	0,31
0732	Flutningar á vegum <i>Passenger transport by road</i>	0,4	0,3	5,3	0,02
0733	Flutningar í lofti <i>Passenger transport by air</i>	1,3	1,4	22,3	0,29
0734	Flutningar á sjó <i>Passenger transport by sea</i>	0,1	0,1	12,0	0,01
08	Póstur og sími <i>Communications</i>	3,0	2,8	8,4	0,25
0811	Póstur <i>Postal services</i>	0,1	0,1	8,4	0,01
0813	Simþjónusta <i>Telephone, telegraph and telefax serv.</i>	2,8	2,6	7,9	0,22
09	Tómstundir og menning <i>Recreation and culture</i>	11,6	11,9	18,5	2,15
091	Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl. <i>Audiovisual instruments, etc.</i>	1,5	1,6	23,3	0,36
092	Tómstundir, stærri tæki o.fl. <i>Major durables for recreation and culture</i>	1,0	1,0	18,0	0,18
093	Tómstundavörur, leikföng o.fl. <i>Other recreational items</i>	1,5	1,7	28,3	0,43
094	Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti <i>Recreational and cultural services</i>	3,8	3,6	7,3	0,28
095	Blöð, bækur og ritföng <i>Newspapers, books and stationery</i>	1,5	1,6	24,5	0,36
096	Pakkaferðir <i>Package holidays</i>	2,3	2,4	23,9	0,54
10	Menntun <i>Educational services</i>	0,7	0,6	1,8	0,01
11	Hótel og veitingastaðir <i>Hotels, cafés and restaurants</i>	4,7	4,7	14,6	0,68
111	Veitingar <i>Catering</i>	4,4	4,4	14,7	0,64
112	Gisting <i>Accommodation services</i>	0,3	0,3	13,1	0,04
12	Aðrar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,6	6,5	14,9	0,98
121	Snyrting og snyrtivörur <i>Personal care</i>	2,5	2,8	28,7	0,71
122	Skartgripir úr o.fl. <i>Personal effects n.e.c.</i>	0,3	0,3	16,9	0,04
123	Félagsleg þjónusta <i>Social protection</i>	0,7	0,6	0,6	0,00
124	Tryggingar <i>Insurance</i>	0,9	0,9	16,6	0,15
125	Fjármálaþjónusta ót.a.s. <i>Financial services n.e.c.</i>	1,7	1,6	4,1	0,07
126	Önnur þjónusta ót.a.s. <i>Other services n.e.c.</i>	0,5	0,4	-1,4	-0,01
	Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns) <i>Core index 1 (CPI less agricult. prod., vegetables, fruits and petrol)</i>	88,6	89,4	15,3	13,67
	Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu) <i>Core index 2 (core index 1 less public services)</i>	81,8	83,1	16,2	13,34
	Kjarnavísitala 3 (kjarnavísitala 2 án áhrifa vaxtabreytinga í húsnæðislíkani) <i>Core index 3 (core index 2 less effects of changes in real interest rate in OOH)</i>	80,9	82,2	16,0	13,09

Tafla 5. Vísitala neysluverðs eftir eðli og uppruna 2008–2009

Table 5. Consumer price index by economic categories 2008–2009

	2008			
	Apríl	Mái	Júní	Júli
Undirvísitölur mars 1997=100 Subindices March 1997=100				
Vísitala neysluverðs Consumer price index	168,2	170,5	172,1	173,7
1 Búvörur án grænmetis <i>Agricultural products less vegetables</i>	146,2	148,0	148,5	148,9
2 Grænmeti <i>Vegetables</i>	119,0	124,6	123,8	133,4
3 Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur <i>Other domestic food and beverages</i>	146,2	149,3	149,9	154,1
4 Aðrar innlendar vörur <i>Other domestic goods</i>	141,8	144,9	145,2	147,4
5 Innfluttar mat- og drykkjarvörur <i>Imported food and beverages</i>	139,6	142,4	145,1	149,9
6 Nýr bíll og varahlutir <i>Cars and spare parts</i>	154,3	154,0	152,8	159,9
7 Bensín <i>Petrol</i>	204,3	215,8	231,4	236,0
8 Innfluttar vörur aðrar <i>Other imported goods</i>	107,0	108,8	109,5	107,2
9 Áfengi og tóbak <i>Alcohol and tobacco</i>	167,1	168,9	169,7	170,8
10 Húsnæði <i>Housing</i>	297,8	301,0	304,2	308,0
11 Opinber þjónusta <i>Public services</i>	158,2	158,2	158,1	159,1
12 Önnur þjónusta <i>Other services</i>	169,0	170,9	172,2	173,3
Þar af: <i>Thereof:</i>				
Innlendar vörur (liðir 1 til 4) <i>Domestic goods (items 1 to 4)</i>	144,0	146,7	147,2	149,8
Búvörur og grænmeti (liðir 1 og 2) <i>Agricultural products (items 1 and 2)</i>	142,8	145,2	145,5	147,3
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis (liðir 3 og 4) <i>Domestic goods less agricultural products and vegetables (items 3 and 4)</i>	144,2	147,2	147,7	151,0
Innfluttar vörur alls (liðir 5 til 9) <i>Imported goods (items 5 to 9)</i>	136,2	138,5	140,3	141,3
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks (liðir 5 til 8) <i>Imported goods less alcohol and tobacco (items 5 to 8)</i>	132,5	134,9	136,7	137,6
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns) <i>Core index 1 (CPI less agricultural products, vegetables, fruits and petrol)</i>	168,9	170,8	171,7	173,2
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberra þjónustu) <i>Core index 2 (core index 1 less public services)</i>	170,4	172,5	173,5	175,1
Kjarnavísitala 3 (kjarnavísitala 2 án áhrifa raunvaxtabreytinga) <i>Core index 3 (core index 2 less effect of changes in real interest rate)</i>	168,6	170,4	171,3	172,6
Dagvara <i>Groceries (perishable items)</i>	140,4	143,4	144,6	147,7
Hlutfallsleg skipting Percentage breakdown				
Vísitala neysluverðs Consumer price index	100,0	100,0	100,0	100,0
1 Búvörur án grænmetis <i>Agricultural products less vegetables</i>	4,9	4,9	4,9	4,8
2 Grænmeti <i>Vegetables</i>	0,7	0,8	0,7	0,8
3 Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur <i>Other domestic food and beverages</i>	4,2	4,2	4,2	4,3
4 Aðrar innlendar vörur <i>Other domestic goods</i>	3,1	3,1	3,1	3,1
5 Innfluttar mat- og drykkjarvörur <i>Imported food and beverages</i>	2,6	2,6	2,6	2,7
6 Nýr bíll og varahlutir <i>Cars and spare parts</i>	8,5	8,4	8,3	8,6
7 Bensín <i>Petrol</i>	4,7	4,9	5,2	5,2
8 Innfluttar vörur aðrar <i>Other imported goods</i>	16,7	16,7	16,7	16,2
9 Áfengi og tóbak <i>Alcohol and tobacco</i>	2,7	2,7	2,7	2,7
10 Húsnæði <i>Housing</i>	24,3	24,2	24,3	24,3
11 Opinber þjónusta <i>Public services</i>	6,7	6,6	6,5	6,5
12 Önnur þjónusta <i>Other services</i>	21,0	20,9	20,9	20,8
Þar af: <i>Thereof:</i>				
Innlendar vörur (liðir 1 til 4) <i>Domestic goods (items 1 to 4)</i>	12,9	13,0	12,9	13,0
Búvörur og grænmeti (liðir 1 og 2) <i>Agricultural products (items 1 and 2)</i>	5,6	5,7	5,6	5,6
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis (liðir 3 og 4) <i>Domestic goods less agricultural products and vegetables (items 3 and 4)</i>	7,3	7,3	7,3	7,4

									Breyting síðustu 12 mánuði Change from last 12 months	
2008				2009					Áhrif á visitölu, % Effect on the CPI, %	
Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	%	%
175,2	176,8	180,6	183,7	186,5	187,6	188,5	187,4	188,2	11,9	11,89
149,8	149,6	152,2	159,5	160,8	163,2	162,3	163,4	162,4	11,1	0,58
142,2	136,4	148,4	147,4	156,8	160,6	157,7	145,9	144,3	21,2	0,17
157,3	159,1	165,4	167,9	171,1	172,8	173,5	171,3	172,4	17,9	0,80
147,9	149,0	155,1	158,3	164,7	165,1	166,9	167,6	166,0	17,1	0,41
153,3	156,8	169,7	179,8	185,6	191,6	195,2	192,7	188,1	34,7	0,99
161,2	158,7	162,5	164,2	164,5	167,1	168,8	169,4	173,2	12,2	0,59
226,8	224,7	216,9	213,7	195,2	199,0	197,1	191,0	206,6	1,2	0,06
108,9	113,6	120,7	125,3	130,9	128,7	131,7	133,8	135,9	27,0	5,21
172,3	172,4	174,5	185,9	196,3	208,0	208,0	207,7	208,4	24,7	0,73
310,7	310,3	308,6	313,0	316,4	318,5	312,9	303,1	299,8	0,7	0,17
160,0	161,8	163,2	163,0	163,2	165,1	165,6	165,4	164,9	4,2	0,32
175,4	177,2	180,8	181,0	183,5	183,7	187,0	187,5	187,7	11,1	2,29
151,9	152,3	157,6	161,8	165,5	167,3	167,4	166,5	166,1	15,4	1,98
149,5	148,5	152,5	158,5	161,1	163,7	162,5	161,7	160,6	12,4	0,75
153,1	154,5	160,7	163,6	168,2	169,3	170,5	169,5	169,6	17,7	1,22
142,1	144,5	150,0	154,2	157,1	157,8	160,1	160,7	163,8	20,3	7,14
138,4	140,9	146,5	150,2	152,6	152,6	155,0	155,7	158,9	19,9	6,43
175,1	177,0	181,2	184,3	188,0	188,7	190,0	189,1	189,7	12,3	10,86
177,1	179,0	183,4	186,8	190,9	191,5	192,8	191,9	192,5	13,0	10,47
174,6	176,4	180,8	184,2	188,3	189,0	190,6	189,8	190,6	13,0	10,40
150,4	151,6	158,7	164,9	168,8	171,9	173,0	171,9	170,4	21,4	3,40
100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	•	•
4,8	4,8	4,8	4,9	4,9	4,9	4,9	4,9	5,2	•	•
0,8	0,8	0,8	0,8	0,9	0,9	0,9	0,8	0,9	•	•
4,3	4,3	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4	4,7	•	•
3,1	3,1	3,2	3,2	3,2	3,2	3,3	3,3	2,5	•	•
2,7	2,7	2,9	3,0	3,1	3,1	3,2	3,2	3,4	•	•
8,6	8,4	8,4	8,3	8,2	8,3	8,3	8,4	4,8	•	•
5,0	4,9	4,6	4,5	4,0	4,1	4,0	3,9	4,4	•	•
16,3	16,9	17,5	17,9	18,4	18,0	18,3	18,7	21,9	•	•
2,7	2,6	2,6	2,7	2,8	3,0	3,0	3,0	3,3	•	•
24,3	24,1	23,5	23,4	23,3	23,3	22,8	22,2	21,3	•	•
6,5	6,5	6,4	6,3	6,2	6,3	6,3	6,3	7,0	•	•
20,9	20,9	20,9	20,6	20,5	20,4	20,7	20,9	20,5	•	•
13,1	13,0	13,2	13,3	13,4	13,5	13,4	13,4	13,3	•	•
5,7	5,6	5,6	5,7	5,7	5,8	5,7	5,7	6,0	•	•
7,4	7,4	7,6	7,6	7,7	7,7	7,7	7,7	7,2	•	•

Tafla 5. Vísitala neysluverðs eftir eðli og uppruna 2008–2009 (frh.)
 Table 5. Consumer price index by economic categories 2008–2009 (cont.)

	2008			
	Apríl	Mái	Júní	Júli
Innfluttar vörur alls (liðir 5 til 9) <i>Imported goods (items 5 to 9)</i>	35,1	35,3	35,4	35,3
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks (liðir 5 til 8) <i>Imported goods less ,alcohol and tobacco (items 5 to 8)</i>	32,5	32,6	32,7	32,7
Kjarnvísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensins) <i>Core index 1 (CPI less agricultural products, vegetables, fruits and petrol)</i>	88,9	88,7	88,4	88,3
Kjarnvísitala 2 (kjarnvísitala 1 án opinberrar þjónustu) <i>Core index 2 (core index 1 less public services)</i>	82,2	82,1	81,9	81,8
Kjarnvísitala 3 (kjarnvísitala 2 án áhrifa vaxtabreytinga)	81,3	81,1	80,8	80,7
Dagvara <i>Groceries (perishable items)</i>	14,7	14,8	14,8	15,0

									Breyting síðustu 12 mánuði <i>Change from last 12 months</i>	
2008				2009					Áhrif á vísitölu, % <i>Effect on the CPI, %</i>	
Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Mars	April	%	
35,2	35,5	36,0	36,4	36,6	36,5	36,9	37,2	37,9	•	•
32,5	32,8	33,4	33,7	33,7	33,5	33,9	34,2	34,6	•	•
88,5	88,7	88,9	88,8	89,3	89,1	89,3	89,4	88,6	•	•
82,0	82,2	82,4	82,5	83,0	82,8	83,0	83,1	81,6	•	•
80,9	81,0	81,3	81,4	81,9	81,8	82,0	82,2	80,7	•	•
15,1	15,1	15,5	15,8	16,0	16,2	16,2	16,2	17,3	•	•

Tafla 6. Vísitala neysluverðs, undirvísitölur apríl 2008–2009

Table 6. Consumer price index, subindices, April 2008–2009

Coicop		Hlutfall		
		mars 2009 <i>Per 10,000</i>	2008	
			April	Mái
	Vísitala neysluverðs, mars 1997=100 Consumer price index, March 1997=100	10.000	168,2	170,5
01	Matur og drykkjarvörur Food and non-alcoholic beverages	1.434	144,1	146,8
011	Matur Food	1.299	146,9	149,5
0111	Brauð og kornvörur Bread and cereals	246	149,8	154,4
01111	Hrísrjón Rice	6	143,5	147,1
01112	Brauð Bread	94	147,5	152,6
01113	Pasta Pasta	8	158,7	164,8
01114	Hveiti og mjöl Flour and meal	13	144,1	154,7
01115	Sætabrauð og kökur Pastries, cakes	39	199,6	206,7
01116	Flatbrauð, hrökkbrauð og kex Rusks, biscuits, cream crackers	40	142,6	145,8
01119	Korn og vörur úr korni Other cereal products	46	125,2	127,1
0112	Kjöt Meat	269	152,4	151,0
01121	Nautakjöt, nýtt eða frosið Beef, fresh or frozen	34	166,8	164,0
01123	Svínakjöt, nýtt eða frosið Pork, fresh or frozen	17	155,8	152,7
01124	Lambakjöt, nýtt eða frosið Lamb, fresh and frozen	61	169,4	169,7
01125	Fuglakjöt, nýtt eða frosið Poultry, fresh or frozen	50	97,4	94,2
01126	Kjöt unnið, reykt og saltað Cured meat	96	152,4	151,8
01129	Annað kjöt, nýtt eða frosið Other meat, fresh or frozen	12	144,6	148,3
0113	Fiskur Fish	68	198,0	197,4
01131	Fiskur nýr og frosinn Fish, fresh or frozen	32	239,0	233,8
01132	Fiskur, saltaður, reyktur o.fl. Fish, dried or smoked	14	171,7	171,5
01133	Skelfiskur og aðrar sjávarafurðir Crustaceans and other seafood, fresh and frozen	5	113,8	114,8
01139	Sjávarafurðir aðrar Other seafood, preserved or processed	17	175,9	182,2
0114	Mjólk, ostar og egg Milk, cheese and eggs	238	140,0	145,7
01141	Mjólk Whole milk	17	135,5	141,0
01142	Léttmjólk, undanrenna o.fl. Low-fat milk and skimmed milk	30	137,5	141,6
01144	Jógúrt Yoghurts	14	136,2	143,0
01145	Mjólkurafurðir aðrar Other milk products	87	143,7	146,9
01146	Ostar Cheese	75	144,7	153,9
01147	Egg Eggs	14	140,3	147,7
0115	Oliur og feitmeti Oils and fats	23	133,8	131,8
01151	Smjör Butter	11	138,6	136,0
01152	Smjörliki og önnur jurtafeiti Margarine and other vegetable fat	5	136,7	132,5
0116	Ávextir Fruit	108	136,7	138,9
01161	Appelsínur og fleiri nýir ávextir Citrus fruit and other fresh fruit	11	138,2	138,3
01162	Bananar Bananas	17	123,6	120,6
01163	Epli Apples	12	161,1	167,3
01166	Ber Berries	32	132,5	137,6
01168	Purrkaðir ávextir og hnetur Dried fruit and nuts	15	182,0	186,9
0117	Grænmeti, kartöflur o.fl. Vegetables including potatoes and other tubers	118	122,0	127,4
01171	Blað-, stilkgrænmeti og kryddjurtir Leaf and stalk vegetables and culinary herbs	17	102,6	103,2
01172	Kál Cabbage	8	120,1	124,9
01173	Grænmeti ræktað vegna ávaxtar Vegetables cultivated for their fruit	30	98,6	108,7
01174	Sveppir, rótaþnyði og laukar Root and tuber vegetables and mushrooms	20	95,0	101,7
01177	Grænmeti niðursoðið Preserved or processed vegetables and vegetable-based products	15	159,0	161,9
01178	Kartöflur Potatoes	13	136,4	132,1
01179	Vörur framleiddar úr kartöflum Potato products	13	125,3	133,0

2008							2009			
Júni	Júli	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Mars	Apríl
172,1	173,7	175,2	176,8	180,6	183,7	186,5	187,6	188,5	187,4	188,2
147,7	150,9	153,7	154,6	161,3	167,1	170,5	173,6	174,0	172,4	171,2
150,5	154,0	156,7	157,3	164,4	170,7	174,6	177,6	177,6	175,7	174,2
154,6	160,6	165,2	167,5	179,9	183,0	186,8	189,4	191,3	188,3	188,7
151,4	178,7	182,8	180,6	182,4	191,8	196,5	201,5	213,3	219,3	222,6
149,9	154,7	158,6	158,4	172,8	171,0	169,8	171,4	172,6	167,2	168,5
170,2	179,2	186,5	211,2	235,6	239,6	255,6	270,2	279,9	273,6	290,4
149,0	161,5	172,2	174,6	189,6	203,1	213,4	209,7	220,2	217,0	214,9
209,8	214,1	219,2	220,0	232,4	240,2	250,9	247,5	235,7	230,6	221,1
150,6	157,3	159,5	162,0	169,1	176,0	180,9	184,8	189,4	186,6	186,5
128,1	133,0	139,2	145,3	156,2	161,0	167,3	173,8	179,2	181,7	186,1
150,4	150,3	151,8	151,4	155,3	159,3	161,8	161,1	160,9	160,3	159,4
164,8	158,9	168,8	168,4	160,2	166,6	171,1	173,0	174,8	170,7	165,2
148,3	145,9	152,5	147,6	145,5	140,5	144,3	148,6	148,2	129,1	132,8
174,1	176,1	174,2	170,2	181,3	189,0	190,3	188,0	189,9	189,5	189,6
91,5	93,0	92,5	91,8	98,0	104,7	108,0	106,5	101,0	103,6	99,4
151,7	151,3	151,9	154,8	157,0	158,3	159,5	159,2	161,4	163,2	164,6
140,3	144,4	144,6	144,1	153,6	156,3	157,2	149,8	148,9	154,0	157,2
200,1	208,9	214,1	219,3	216,3	215,0	220,9	222,4	225,5	212,6	214,4
242,6	255,8	257,0	265,6	248,7	243,8	255,5	252,6	255,6	233,3	236,5
166,5	169,7	175,4	179,1	180,0	177,8	185,3	181,8	182,6	173,2	176,0
118,2	111,5	128,5	134,2	146,7	141,1	138,6	147,2	144,8	153,1	153,6
181,0	194,6	199,7	199,9	209,8	217,5	215,6	225,9	234,0	224,2	223,1
147,4	148,0	148,3	148,1	149,2	160,1	160,9	165,8	163,7	167,1	166,1
143,6	143,6	143,6	143,6	143,6	156,9	157,1	156,0	157,4	157,5	156,5
145,2	145,2	145,1	145,3	145,3	158,8	159,0	158,5	158,8	159,0	157,3
144,8	147,2	147,7	147,5	150,3	167,0	168,0	175,3	167,1	175,5	179,4
149,0	149,9	150,9	150,8	152,7	165,6	163,0	170,7	164,2	172,3	171,4
154,5	154,8	155,5	153,9	155,7	164,6	167,7	172,3	173,9	173,8	172,5
146,8	149,1	144,0	149,2	144,7	141,2	151,3	160,3	160,9	162,0	158,0
133,7	138,4	141,0	146,7	151,1	158,2	150,3	168,8	174,5	173,2	171,5
139,3	142,1	140,9	147,5	149,3	157,3	140,6	163,0	167,9	167,8	164,4
132,2	142,3	144,1	148,0	155,6	163,0	167,2	179,0	178,2	173,0	173,6
143,8	148,9	153,1	154,0	170,3	178,4	184,8	194,6	190,6	186,7	170,2
146,1	151,8	155,7	142,8	156,5	169,2	175,6	180,6	171,6	166,3	165,7
126,8	125,8	131,5	130,7	136,4	141,3	143,4	148,1	154,3	156,8	157,1
179,7	184,8	192,6	197,1	218,6	223,7	225,2	226,0	228,5	226,6	197,0
129,7	141,7	140,8	147,8	176,6	180,6	188,0	226,3	207,3	191,4	140,4
196,9	202,4	210,1	217,0	224,7	243,8	257,3	261,8	270,9	272,3	271,7
127,4	135,4	142,3	138,4	149,9	150,1	158,7	161,7	161,1	152,2	150,7
102,1	102,2	102,9	106,5	115,1	120,8	130,0	130,2	123,0	119,6	111,6
123,5	129,0	136,6	150,1	157,2	133,1	152,8	156,8	156,3	142,5	147,9
100,2	98,9	94,8	93,6	106,7	108,8	122,1	133,8	129,2	125,3	124,6
104,9	121,1	122,3	125,5	137,3	143,2	145,5	144,6	156,1	132,7	127,8
166,2	172,8	174,9	175,8	185,5	190,3	198,4	201,8	213,9	213,7	216,3
145,9	181,5	242,2	185,8	193,9	181,4	177,3	171,3	155,4	141,8	149,8
132,7	133,9	134,4	139,0	147,1	150,6	154,9	154,3	155,4	153,6	149,6

Tafla 6. Vísitala neysluverðs, undirvísitölur apríl 2008–2009 (frh.)
 Table 6. Consumer price index, subindices, April 2008–2009 (cont.)

Coicop		Hlutfall		
		mars 2009 <i>Per 10,000</i>	2008	
			April	Mái
0118	Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl. <i>Sugar, jam, honey, syrups, chocolate and confectionery</i>	139	139,1	140,7
01181	Sykur <i>Sugar</i>	6	154,7	164,2
01182	Sultur, marmelaði og hunang <i>Jam, marmelade, honey</i>	7	139,6	139,0
01183	Súkkulaði <i>Chocolate</i>	8	125,9	128,7
01184	Sælgæti <i>Confectioneries</i>	95	131,5	133,9
01185	Ís <i>Edible ice and ice cream</i>	23	162,7	159,0
0119	Aðrar matvörur <i>Food products n.e.c.</i>	90	150,1	152,9
01191	Sósur og bragðbætir <i>Sauces and condiments</i>	30	142,0	145,0
01192	Salt og krydd <i>Salt and spices</i>	14	147,1	150,2
01193	Súpur, blöndur og ger <i>Soups, preparations, yeast</i>	46	156,2	158,8
012	Drykkjarvörur <i>Non-alcoholic beverages</i>	135	122,3	125,4
0121	Kaffi, te og kakó <i>Coffee, tea and cocoa</i>	35	133,5	133,0
01211	Kaffi <i>Coffee</i>	29	130,2	129,7
01213	Kakó <i>Cocoa</i>	2	108,4	108,5
0122	Gosdrykkir, safar og vatn <i>Mineral waters, soft drinks and juices</i>	100	119,4	123,4
01221	Vatn <i>Mineral waters</i>	10	134,1	138,6
01222	Gosdrykkir <i>Soft drinks</i>	56	114,0	118,3
01223	Ávaxtasafar <i>Fruit juices</i>	34	129,9	133,4
02	Áfengi og tóbak <i>Alcoholic beverages, tobacco</i>	328	167,1	168,8
021	Áfengi <i>Alcoholic beverages</i>	202	130,0	132,3
0211	Sterk vín <i>Spirits</i>	22	143,6	146,1
0212	Léttvín <i>Wine</i>	91	127,0	128,2
0213	Bjór <i>Beer</i>	89	129,9	133,2
02131	Áfengur bjór <i>Strong beer</i>	83	129,0	132,2
02132	Pilsner og malt <i>Light beer and malt</i>	6	118,3	121,8
022	Tóbak <i>Tobacco</i>	126	219,2	219,2
02211	Sígarettur <i>Cigarettes</i>	115	223,5	223,5
02212	Vindlar og smávindlar <i>Cigars and small cigars</i>	10	206,0	206,0
03	Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	581	102,1	104,6
031	Föt <i>Clothing</i>	489	103,5	105,9
0311	Fataefni <i>Clothing fabrics</i>	4	136,9	138,4
0312	Fatnaður <i>Garments</i>	444	94,9	97,3
03121	Karlmannaft <i>Men's clothing</i>	105	103,5	103,8
03122	Kvenföt <i>Women's clothing</i>	218	85,3	88,8
03123	Barnaföt <i>Children's clothing</i>	72	96,4	99,3
03124	Fatnaður annar <i>Other clothing</i>	49	114,9	114,1
0313	Önnur föt og fylgihlutir <i>Other articles of clothing and clothing accessories</i>	27	151,8	153,0
03132	Ýmsir fylgihlutir fatnaðar <i>Miscellaneous clothing accessories</i>	10	161,9	165,7
03133	Garn og tvinni <i>Knitting yarns, sewing thread</i>	10	178,8	178,8
0314	Hreinsun, viðgerðir á fötum <i>Repair and hire of clothing</i>	14	222,7	222,7
032	Skór <i>Footwear</i>	92	95,8	99,0
0321	Skór og annar skófatnaður <i>Shoes and other footwear</i>	90	92,8	95,9
03211	Karlmannaskór <i>Men's footwear</i>	12	90,0	87,7
03212	Kvenskór <i>Womens' footwear</i>	17	58,1	62,2
03213	Barnaskór <i>Children's footwear</i>	39	105,4	108,0

2008							2009			
Júni	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Mars	Apríl
141,9	146,2	148,0	148,4	155,2	166,5	170,2	170,9	172,3	171,5	173,6
165,9	170,4	174,2	178,7	184,2	199,6	200,1	218,5	221,3	220,3	230,0
145,1	150,0	154,4	160,3	166,5	181,3	199,9	196,2	199,9	191,9	191,9
127,8	134,3	142,8	140,0	147,1	158,5	147,3	154,1	159,9	160,9	161,8
134,8	137,5	138,5	139,3	145,3	156,8	160,5	159,6	160,6	160,1	162,1
160,9	170,5	171,3	168,5	179,2	186,0	191,7	194,4	194,2	194,3	195,6
153,6	157,1	158,2	162,2	173,7	185,5	195,8	199,9	201,3	201,0	200,8
149,0	148,7	145,7	152,2	154,9	164,8	179,7	184,1	188,0	185,1	184,8
150,4	157,7	157,1	158,1	173,6	190,3	194,8	203,3	208,1	207,0	206,1
156,8	162,2	167,0	170,1	187,2	198,7	207,0	209,5	207,9	209,9	210,0
126,3	127,5	130,4	133,9	137,6	138,6	138,6	141,9	145,7	146,4	147,9
136,5	139,2	143,0	148,7	163,5	165,6	164,2	172,6	183,4	182,3	177,7
133,1	135,2	139,9	146,9	162,6	163,3	164,6	172,7	181,3	180,0	174,8
115,2	114,3	116,0	114,8	127,3	140,5	144,5	149,1	147,0	152,8	153,0
123,7	124,4	127,1	130,0	130,6	131,3	131,8	133,6	135,5	136,6	139,8
140,4	145,8	144,0	143,3	147,9	142,1	149,9	147,4	150,9	145,7	143,9
119,5	117,5	121,2	124,1	123,6	123,8	127,6	130,5	130,6	132,6	137,8
131,5	136,0	138,1	142,2	143,8	147,3	139,4	140,4	145,4	146,4	147,6
169,7	170,8	172,3	172,4	174,5	185,9	196,3	208,0	208,0	207,6	208,4
133,3	134,7	136,8	136,8	139,1	146,7	160,2	168,2	167,8	166,9	167,2
147,6	148,9	150,5	150,4	150,8	157,6	170,5	178,6	178,0	176,0	176,6
129,4	131,6	132,8	133,3	135,5	146,3	160,4	169,5	168,7	167,1	167,4
134,0	134,7	137,8	137,3	140,3	145,0	158,2	165,4	165,4	165,4	165,7
132,9	133,6	136,8	137,0	138,9	144,7	159,5	166,7	166,3	166,1	166,4
125,2	124,6	126,0	119,4	132,4	126,0	120,5	125,8	130,1	132,3	132,3
219,2	219,2	218,8	219,2	220,3	238,7	238,5	256,3	257,3	258,7	260,3
223,5	223,5	223,1	223,5	224,4	240,8	240,7	259,0	259,1	260,5	262,1
206,1	206,0	206,0	206,0	210,1	254,7	253,9	269,7	279,3	280,5	282,3
105,6	93,3	97,7	108,6	113,9	117,4	120,6	110,7	117,7	124,1	128,1
106,6	93,3	97,6	110,3	116,2	119,1	122,3	111,9	119,2	126,0	129,9
138,4	136,9	136,9	150,1	150,1	155,0	162,1	162,1	162,7	162,7	162,7
97,9	84,6	88,8	101,4	107,1	110,0	113,0	102,3	109,6	116,1	120,0
104,1	93,9	98,6	111,7	116,5	118,7	121,4	108,8	117,1	121,5	127,1
90,5	77,4	83,1	96,2	98,9	101,5	106,0	96,9	102,8	106,7	111,0
98,1	79,5	81,1	93,0	105,9	109,5	109,7	97,2	106,3	120,4	123,8
113,3	105,4	104,2	113,2	120,6	125,7	126,1	117,7	124,3	132,9	130,9
155,8	154,0	159,3	160,9	168,1	166,9	173,4	169,8	175,5	185,4	186,0
173,4	157,3	169,8	174,6	180,0	182,7	191,0	188,3	199,2	203,3	206,6
178,8	191,2	193,6	193,6	196,1	198,8	208,8	204,0	207,3	207,3	207,3
222,7	222,7	224,7	224,7	224,7	224,7	224,7	238,4	238,4	238,4	238,4
101,2	95,2	99,9	100,4	102,1	108,8	112,2	105,5	110,7	114,9	119,6
98,1	92,1	96,8	97,3	98,9	105,6	109,1	102,4	107,5	111,8	116,3
87,8	80,8	84,6	84,6	86,3	101,4	112,5	92,3	103,7	112,7	110,7
67,2	62,5	62,0	63,0	69,5	70,2	73,9	68,8	76,0	76,7	81,2
110,0	102,3	110,8	110,8	112,3	118,6	119,6	112,1	113,9	122,4	130,5

Tafla 6. Vísitala neysliverðs, undirvísitölur apríl 2008–2009 (frh.)
 Table 6. Consumer price index, subindices, April 2008–2009 (cont.)

Coicop		Hlutfall		
		mars 2009 <i>Per 10,000</i>	2008	
			April	Mái
03214	Aðrir skór <i>Other footwear</i>	22	128,9	136,8
04	Húsnæði, hiti og rafmagn <i>Housing, water, electricity, gas and other fuels</i>	2.540	261,5	264,1
041	Greidd húsaleiga <i>Actual rentals for housing</i>	266	264,1	268,4
042	Reiknuð húsaleiga <i>Imputed rentals for housing</i>	1.407	341,4	340,7
043	Viðhald og viðgerðir á húsnæði <i>Regular maintenance and repair of the dwelling</i>	491	165,6	175,2
0431	Viðhald efni <i>Material for the regular maintenance and repair of the dwelling</i>	406	162,6	174,2
0432	Viðhaldsþjónusta <i>Services for the regular maintenance and repair of the dwelling</i>	85	181,7	181,7
044	Annað vegna húsnæðis <i>Other services relating to the dwelling</i>	120	237,0	237,0
0441	Sorphreinsun <i>Refuse collection</i>	30	219,9	219,9
0442	Holræsi <i>Sewerage services</i>	43	189,7	189,7
0443	Vatn <i>Water supply</i>	47	150,1	150,1
045	Rafmagn og hiti <i>Electricity, gas and other fuels</i>	256	130,0	130,0
0451	Rafmagn <i>Electricity</i>	153	137,8	137,8
04511	Rafmagn til lýsingar <i>Electricity for lightning</i>	120	135,5	135,5
04512	Rafmagn til húshitunar <i>Electricity for space heating</i>	32	146,1	146,1
0455	Hiti <i>Hot water, steam and ice</i>	104	118,9	118,9
05	Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. <i>Furnishing, household equipment and routine maintenance of the house</i>	780	130,8	133,9
051	Húsgögn og heimilisbúnaður <i>Furniture, furnishings and decorations, carpets and other floor coverings and repairs</i>	340	124,3	128,6
052	Vefnaðarvörur til heimils <i>Household textiles</i>	58	135,5	138,0
0521	Vefnaðarvörur aðrar en gardínur <i>Household textiles other than curtains</i>	28	139,3	144,0
05211	Sængurfatnaður, handklæði o.fl. <i>Household linen</i>	12	137,5	137,5
05212	Dýnur, sængur og koddar <i>Bedding</i>	16	142,0	152,5
053	Raftæki <i>Electric household appliances, including fittings and repairs</i>	163	112,8	113,9
0531	Stór heimilistæki <i>Major household appliances</i>	141	107,5	108,5
0532	Lítil heimilisraftæki <i>Small electric household appliances</i>	21	95,0	96,6
